

## Skólaráðsfundur í Smáraskóla mánudaginn 9. febrúar 2015

Fundinn sátu: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Björn Gunnlaugsson aðstoðarskólastjóri, sem ritaði fundargerð, Guðmundína Kolbeinsdóttir og Hrefna Björg Óskarsdóttir fulltrúar kennara, Ingibjörg Bragadóttir náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Birna Ólafsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Árni Árnason og Hanna Pála Friðbertsdóttir fulltrúar foreldra, Sigurjón Ágústsson og Nikola Colic fulltrúar nemenda.

1. Umhverfissvið hafði nýlega samband við skólann og tilkynnti að nú væri komið að framkvæmdum við aðkomu að skólanum, sem kynntar voru á skólaráðsfundi í haust. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi nemenda á leið til og frá skóla. Loka á innkeyrslu að Sporthúsinu sem hefur verið við skólann og færa hana norðar í Dalsmára. Einnig verður sett gangbraut við aðalinngang skólans. Eitthvert rask verður af þessum völdum en skólinn fagnar að sjálfsögðu framkvæmdunum, sem eru langþráðar. Þær verða kynntar nánar eftir því sem frekari upplýsingar berast skólanum.
2. Breytingar hafa orðið hjá tveimur árgöngum við skólann. Í sjöunda bekk hefur fjölmennum árgangi verið skipt í tvær bekkjardeildir en var ein áður. Sami umsjónarkennari mun þó halda áfram með alla nemendur árgangsins. Þörfin fyrir þessa breytingu var talin brýn svo ráðist var í þetta þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun skólans. Foreldrar eru ánægðir með að skólinn hafi tekið af skarið. Þá hafa orðið breytingar í níundu bekkjum en þar hafa verið tvær bekkjardeildir síðan í 1. bekk og var skiptingin þá gerð út frá því úr hvaða leikskóla börnin komu. Bekkirnir hafa haldið sér allar götur síðan en voru stokkaðir upp í janúarbyrjun, við lítinn fögnuð nemenda. Var það faglegt mat skólans að breytingin væri nauðsynleg til að tryggja aukinn vinnufrið og bættan bekkjaranda. Þegar nokkurra vikna reynsla hefur komið á breytinguna er það mat flestra að hún hafi verið til góðs. Margir nemendur eru að vinna betur í tímum og er vaxandi ánægja í nemendahópnum með nýtt fyrirkomulag. Hjá foreldri kemur fram að meðal foreldra haf verið óánægja hjá mörgum með það hvernig árgangnum var upphaflega skipt í hópa og að nemendur hljóti að hafa gott af því að vera ekki með sömu bekkjarfélögunum svona lengi.
3. Kaffisþjall með foreldrum verður á morgnana næstu vikur og býðst þá foreldrum í hverjum árgangi að koma í skólann og ræða við stjórnendur, koma á framfæri spurningum eða ábendingum. Þetta hefur verið árviss viðburður í skólastarfinu undanfarin ár og nýtist stjórnendum til endurbóta á skólastarfinu. Foreldrar spyrja um foreldrakönnun Skólapúlsins, sem fyrir einhverjum árum var send heim til allra foreldra við skólann en nú er aðeins úrtak sem tekur þátt. Þetta er samkvæmt vinnureglum Skólapúlsins, þar sem aðeins mjög litlir skólar eru með allan foreldrahópinn undir í foreldrakönnun.
4. Jón og Fanný frá Skólamat komu á fund Skólaráðs og var fundinum kynnt niðurstaða þjónustukönnunar. Þau bentu á að könnunin hafi verið gerð í október en um það leyti hafi verið breytingar á starfsliðinu hjá Skólamat, ekki hafi verið vanþörf á og þau telji að ástand hafi batnað síðan þá. Hér í Smáraskóla kannast menn við þetta, á haustmánuðum var hér við skólann starfsmaður sem átti erfitt með starfið og kom það niður á samstarfi við starfsfólk skólans. Starfsmaður sem nú sinnir Smáraskóla er að mati flestra að standa sig mjög vel. Í niðurstöðum könnunar kemur fram að mörgum nemendum finnst tími af skornum skammti, sem að sögn Skólamatar er algengt, sérstaklega í yngstu bekkjum. Hlutfall nemenda í áskrift er álíka hér og í öðrum skólum og uppsagnir færri, sem bendir til að óánægja sé ekki mjög mikil. Hér í Smáraskóla eru þó eitthvað fleiri nemendur sem kjósa að sleppa ákveðnum dögum í áskrift. Þetta gæti að mati kennara verið dæmi um jafningjaþrýsting. Fulltrúar foreldra segja að almennt tali nemendur vel um matinn, en það breytist aðeins eftir því sem börnin eldist, þá beri á aukinni neikvæðni, til dæmis varðandi fisk. Eftirlit með nýtingu matar er gott að sögn Skólamatar – skráðar eru dagskýrslur þar sem kemur fram hve mikill matur

var pantaður, hve mikið var nýtt og hve mikil ánægja eða óánægja var með matinn hjá nemendum. Þetta eftirlit hefur til dæmis leitt í ljós að réttur sem var prófaður í fyrsta sinn fékk þannig viðtökur að hann var ekki boðinn aftur. Í dag var einnig verið að gera nýja tilraun, þar sem nemendur höfðu val um kjúklingasnitsel eða grænmetisbuff. Fulltrúar nemenda segjast vera ánægðir með matinn, báðir eru í áskrift á hverjum degi. Algengt er meðal eldri nemenda að sleppa áskrift á þriðjudögum og fimmtudögum þegar fiskur er í boði. Almennt eru skiptar skoðanir meðal nemenda, sumum finnst til dæmis grjónagrauturinn ekki spennandi. Taco-skeljar voru prófaðar nýlega og voru vinsælar, svo vinsælar að ekki reyndist nóg handa öllum, en Skólamatúr lofar að bæta úr því – að framvegis verði ríflegar skammtað þegar þessi matur er í boði. Eins hefur suma stundum langað í annan borgara þegar borgarar eru í matinn, en Fanney bendir á að tveir hamborgarar séu of mikill matur, jafnvel fyrir nemanda í tíunda bekk. Stungið er upp á að prófað verði að bjóða unglíngum upp á stærri borgara, en þeir hafa hingað til verið 90 grömm fyrir alla árganga. Prófa mætti að hafa 120 gramma borgara fyrir elstu nemendurna. Foreldri benti á að gott væri ef hægt væri að samræma matseðla leikskólanna í Kópavogi við Skólamat, því stundum komi fyrir til dæmis að fiskur sé í boði sitthvorn daginn eftir skólastigum. Skólastjóri skaut inn hrósi fyrir gírnilega framsetningu á matnum, sérstaklega grænmeti og ávöxtum, sem og ljúfu viðmóti, sem hefur úrslitaáhrif á upplifun nemenda af matartímanum. Að lokum er minnt á að hægt er að koma ábendingum og fyrirspurnum áleiðis á heimasíðu Skólamatar.

5. Skólastjórnendur fóru á dögnum til London ásamt hópi skólastjórnenda í bæjarfélaginu í námsferð þar sem markmiðið var að kynna sér notkun breskra skóla á spjaldtölvutækni. Eins og fram hefur komið stendur til að spjaldtölvuvæða grunnskóla Kópavogs á allra næstu árum og var ferðin liður í undirbúningi þess verkefnis. Spurt er hvernig skólar eigi að halda utan um nám hvers og eins nemanda þegar tæki hafa verið afhent. Því er svarað þannig að hver og einn skóli muni leggja fram nákvæma innleiðingarátætlun og að vandað verði til verka. Í ferðinni kynntust stjórnendur einmitt ýmsum leiðum sem auðvelda kennurum og skólum utanumhald. Eins og er staða verkefnisins sú að á næstu dögum verður tekin ákvörðun um hvers kyns spjaldtölvur verði keyptar, verkefnisstjóri verður ráðinn á næstu vikum og áætlað er að nemendur fái tæki í hendur á næsta skólaári.
6. Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á stefnu Kópavogs varðandi Dægradvöl, sem bundnar eru miklar vonir við. Margt er vel gert í Dægradvölum skólanna en alltaf er hægt að gera betur, til dæmis hvernig komið er til móts við fjórða bekk, sem oft er orðinn þreyttur á því að sækja Dægradvöl sem svo stálpaðir nemendur upplifa oft sem smábarnapössun. Drög að nýrri stefnu hafa verið send skólaráði til skoðunar. Þar er t.a.m. nefnt að frístundastarf og skóli eigi að mynda eina heild, sem er til bóta og getur skýrt línur t.d. varðandi öryggismál. Bent er á að í drögunum vanti að minnst sé á hugtakið „ró“ – sem hljóti að vera nauðsynlegur þáttur í starfi sem þessu eftir langan skóladag. Jákvætt þykir að í drögunum er talað um aðkomu nemenda að ákvörðunum varðandi Dægradvöl í gegnum svokallað barnaráð. Í því samhengi kemur fram sú uppástunga að í Skólaráði sitji fulltrúi foreldra sem eiga börn í Dægradvöl. Annað sem þykir jákvætt er að starfsdagar fyrir starfsfólk Dægradvala verði samræmdir við starfsdaga skólanna, sem hlýtur að teljast grundvöllur fyrir því að samstarf skóla og Dægradvala verði eins og stefnt er að.
7. Aðalinngangur skólans þykir ekki vel upplýstur, þ.e. inngangur frá austri inn í miðrymi. Þessi inngangur er auk þess oft læstur óvenju snemma á daginn, eða um hálfþrjú. Þetta skal tekið til athugunar og bætt úr.
8. Facebooksíður foreldrahópa í sumum árgöngum hafa sumir orðið þess eðlis að þar magnast umræða og verður stundum of neikvæð – eins og menn æsi hver annan upp. Fram kom að foreldrafélagið hafi sent foreldrum ábendingar og leiðbeiningar um hvernig betra sé að standa að samskiptum á þessum vettvangi. Skólastjórnendur eru fylgjandi því að foreldrar eigi þennan samskiptavettvang, en menn verði að vanda sig. Því er fagnað að foreldrafélagið hafi sýnt það frumkvæði að koma leiðbeiningum á framfæri. Í þessu samhengi er bent á að

skólinn er nú kominn með Facebooksíðu og eru foreldrar hvattir til að læka hana og segja sem flestum frá.